GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Kópavogi fyrir árið 1985.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Kópavogi fyrir árið 1985, sbr. samþykkt um hundahald í lögsagnarumdæmi Kópavogs nr. 172/1983, er sem hér segir:

a) Vegna 2. gr. c-staflið kr. 1 400.
b) Vegna ákvæða til bráðabirgða d. stl. kr. 3 500.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. mars 1985.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.